



## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: [sfk@sfk.is](mailto:sfk@sfk.is) – Veffang: [www.seydisfjordur.is](http://www.seydisfjordur.is)



Samantekt, **október 2018**. Nánari upplýsingar og upphaflegar fréttir er hægt að nálgast á vefsíðu kaupstaðarins, [www.sfk.is](http://www.sfk.is)

Þann 1. október tók *nýr bæjarstjóri* við í Seyðisfjarðarkaupstað; Aðalheiður Borgþórsdóttir. Einnig tók nýr forstöðumaður við á *bókasafninu*, Nanna Vibe Spejlborg Juelsbo. Þær voru báðar boðnar velkomnar og Vilhjálmi og Sólveigu þökkuð góð störf í gegnum árin.

Nýr forstöðumaður var kynntur til sögunnar í *Skaftfelli*, en hann tekur þó ekki við fyrr en í byrjun nóvember. Gavin Morrison, heitir hann og tekur við af Tinnu Guðmundsdóttur sem hefur verið forstöðumaður þar síðast liðin tæp 7 ár.

*Félagsstarf eldri borgara* hófst í október; bæði handavinna, íþróttatímar og sundleikfimi. Einnig voru allir eldri borgarar boðnir á fund þann 11. október með þjónustufulltrúa og bæjarverkstjóra.

Skaftfell í samstarfi við Bókasafn Seyðisfjarðar kynnti *ritsmiðju um skapandi skrif*. Leiðbeinandi er Nanna Vibe Spejlborg Juelsbo rithöfundur, blaðamaður og ritstjóri. Smiðjan fer fram alla þriðjudaga frá 16. okt - 20. nóv.

*Heilsueflandi samfélag* kynnti til sögunnar drög að korti fyrir staðsetningu Lions bekkja, stóð fyrir bíllausri viku í annað sinn sem og stóð fyrir bleikum október í samstarfi við Seyðisfjarðarkirkju.

Rannveig Þórhallsdóttir færði Bókasafni Seyðisfjarðar nýlega mastersritgerð sína í fornleifafræði: „*Fjallkonan. „Sér hún hátt og vítt um veg“* – hinsta hvíla konu frá 10. öld á Vestdalsheiði“. Í ritgerðinni voru til rannsóknar gripir og líkamsleifar konunnar sem fannst á heiðinni árið 2004.

Verkefnið *Föt sem framlag* er hafið. Hist er í Sæbóli á mánudagskvöldum klukkan 20 - 22 og þrjónað, heklað og saumað ungbarnaföt og teppi. Allir eru velkomnir að taka þátt.

## **Sveitarstjórnarmál**

*Samstarfsnefnd mögulegrar sameiningar* - á fundi bæjarstjórnar miðvikudaginn 17. október var samþykkt að skipa þrjá fulltrúa í samstarfsnefnd mögulegrar sameiningar við Borgarfjörð eystri, Djúpavog og Fljótsdalshérað. Fulltrúar Seyðisfjarðar í samstarfsnefndinni eru Elvar Snær Kristjánsson, Eygló Björg Jóhannsdóttir og Hildur Þórisdóttir. Sjá nánar í fundargerð.

*Fjarðarheiðargöng* - eftirfarandi tillaga að ályktun bæjarstjórnar

Seyðisfjarðarkaupstaðar var lögð fram á 1741. bæjarstjórnarfundum og var send á Alþingismenn og fjölmiðla:

*„Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar lýsir yfir gríðarlegum vonbrigðum með framlagða Samgönguáætlun og að Fjarðarheiðargöng séu ekki inn í 5 ára áætlun. Einnig hlýtur að vera eðlilegt að horfa til Fjarðarheiðarganga út frá Umferðaröryggisáætlun. Það eru allir sammála um að Fjarðarheiðin í núverandi ástandi er svartur blettur í samgöngukerfi landsins. Umferð um Fjarðarheiði hefur aukist verulega jafnt að vetri sem og sumri auk þess sem þungaflutningar hafa aukist mikið. Þá verður ekki framhjá því horft að vegurinn er þjóðvegur 1 til Evrópu.*

*Bæjarstjórn Seyðisfjarðar útrekar vilja sinn til gjaldtöku flýti það framkvæmdum.“*

*Endurskoðun aðalskipulags* - bæjarstjórn samþykkir að endurskoða aðalskipulag og felur umhverfisnefnd ásamt skipulagsfulltrúa að stýra þeirri vinnu og tilkynna Skipulagsstofnun þar um.

*Fjárhagsáætlun* - í október var tekin ákvörðun um að ráða ráðgjafa frá Deloitte til þess að aðstoða við fjárhagsáætlunargerð. Eftirfarandi bókun er að finna í 1741. fundargerð bæjarstjórnar frá 17.10.2018:

*„Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarráði að ganga frá samningi við ráðgjafa varðandi fjárhagsáætlun sem og að koma með tillögu að viðauka vegna þess kostnaðar sem af því hlýst.“*